

Minnisblað

Til: Fræðslunefndar
Frá: Margréti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 20. júní 2018
Mnr. 2017120066



ÍSAFJARÐARBÆR

Samantekt á vinnu við leikskólalíkan

Í minnisblaði þessu verður gerð grein fyrir svokölluðu leikskólalíkani og uppbyggingu þess. Umræða um það hefur farið fram í fræðslunefnd og bæjarstjórn og var að lokum samþykkt í bæjarstjórn 1. febrúar 2018.

Í töluverðan tíma áður en líkanið var samþykkt hafði verið umræða um að finna leið til að úthluta leikskólum sveitarfélagsins starfsmannastundum þannig að jafnræði væri á milli skólanna. Flest sveitarfélög sem starfsmenn hafa verið í sambandi við hafa verið í svipuðum hugleiðingum. Barngildi sem áður var notast við og voru í lögum um leikskóla voru feld úr lögum árið 2008, þau hafa þó verið notuð sem viðmið. Líkanið sem samþykkt er miðaðar við hvernig verið er að manna leikskóla í dag og notast við gömlu barngildin.

Sambærileg líkön eru í dag notuð til að deila kennslustundamagni í grunn- og tónlistarskólum sveitarfélagsins. Sviðsstjóri hefur spurst fyrir í nokkrum sveitarfélögum hvaða viðmið um barnafjölda er verið að nota og hafa flest sveitarfélög verið að miða við gömlu barngildin en einhverjar breytingar eru í farvatninu hjá flestum og einhverjir búnir að gera breytingu.

Taka þarf tillit til margs við mönnun leikskóla svo sem menntun starfsmanna, undirbúning starfsmanna, fjölda nemenda, fjölda dvalarstunda nemenda, aldur og samsetning nemenda skólans og stuðningsþörf. Hluti af því sem sett er fram í líkaninu kemur fram í kjarasamningum.

Líkanið var upphaflega lagt fram á fundi fræðslunefndar þann 4. janúar 2018. Í minnisblaði sem einnig var lagt fram á fundinum kom fram að leikskólastjórnendur höfðu gert athugasemdir við fjölda barna á hvern starfsmann en þeir töldu að skynsamlegt væri að fækka börnum á starfsmann. Nefndin bókaði eftirfarandi: „*Lagt fram til kynningar, áframhaldandi vinna og útfærsla verður unnin.*“ Sviðsstjóra var falið að skoða kostnaðaraukningu ef börnum verði fækkað á hvert stöðugildi starfsmanna og skoða hvað önnur sveitarfélög eru að miða við.

Á fundi fræðslunefndar þann 18. janúar 2018 var líkanið aftur lagt fram og útreikningar á því hvað breytingar yrðu ef börnum væri fækkað á starfsmann miðað við athugasemdir leikskólastjóra. Nefndin bókaði eftirfarandi á þeim fundi: „*Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki framlagt reiknilíkan sem rammur inn það starf og úthlutun stöðugilda sem er nú í gildi í leikskólum. Jafnframt leggur fræðslunefnd til að fjöldi barna á starfsmann verði endurskoðaður sérstaklega með yngstu börnin í huga.*“

Bæjarstjórn frestaði afgreiðslu þessa máls þar sem bréf barst frá leikskólakennurum á Sólborg þar sem gerðar voru athugasemdir við ákveðna þætti líkansins. Bæjarráð fundaði með

fulltrúum kennara af Sólborg 12. mars 2018 þar sem málin voru rædd. Að beiðni bæjarstjóra fór málið aftur fyrir fræðslunefnd þar sem lagt var fyrir minnisblað (sem einnig er gagn fyrir þennan fund) og óskað eftir álitum fræðslunefndar á þeim hugmyndum að fækka börnum á hvern kennara líkt og verið er að gera í mörgum sveitarfélögum í dag. Minnisblaði var lagt fyrir 24. maí 2018 og bókaði nefndin eftirfarandi: „*Fræðslunefnd þakkar fyrir upplýsingarnar og vísar málinu til nýrrar fræðslunefndar.*“ Minnisblað skóla- og sérkennslufulltrúa er því lagt aftur fyrir nefndina.

MH